

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

Frá 2. minni hluta félagsmálanefndar (SJS).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir orðunum „danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: sem eiga lögheimili hér á landi á kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í tvö ár samfellt fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

2. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Sveitarfélögum er heimilt að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti að hafa til reynslu rafræna kjörstaði og færa rafræna kjörskrá.